

Þjónustu og samstarfssamningur

Félagsmiðstöðin Tían og Ártúnsskóli gera með sér svohljóðandi samning um þjónustu, samstarf og réttindi:

1. Tilgangur og markmið

Báðir aðilar veita þjónustu til barna í 5., 6. og 7. bekk. Samkvæmt nýrri menntastefnu er áhersla á aukið samstarf milli stofnanna skóla- og frístundasviðs (SFS). Markmið samningsins er að festa í sessi samstarf samningsaðila, tryggja þjónustu í þágu barnanna, ákveðið aðgengi að starfsmönnum og þjónustu beggja aðila.

2. Þjónusta Tíunnar

Félagsmiðstöðin Tían veitir frístundaþjónustu fyrir börn í 5., 6. og 7. bekk í Árbæjarhverfi. Frístundastarf er mikilvægur þáttur í nútíma samfélagi þar sem flestir foreldrar eru fjarverandi vegna vinnu þegar börnin ljúka skóla. Börnin ljúka hefðbundnum skóla í kringum 14:00. Tían er opin fyrir öll börn á þessum aldri alla virka daga frá 14:00-16:00. Starfsemin fer fram í húsnæði Tíunnar í Rofabæ 30 í Árbæ.

Aukin þjónusta

- Starfsmenn Tíunnar og Ártúnsskóla funda reglulega, einu sinni á önn og eftir þörfum.
- Starfsmenn Tíunnar kynna starfsemina fyrir foreldrum á kynningarfundum að hausti.
- Starfsmenn Tíunnar hafa fasta viðveru með börnum í 5., 6. og 7. bekk. Í viðveru er unnið með málefni líðandi stundar, hópefli, margskonar fræðsluefni og börnin valdefld til þess að vera virkir þátttakendur í víðum skilningi.
- Félagsmiðstöðin Tían býður börnum í 5., 6. og 7. bekk að koma í vettvangsferðir í Tíuna í fylgd með umsjónarkennara í byrjun skólaárs.
- Starfsmenn Tíunnar aðstoði við nemendaráð/nemendafélag Ártúnsskóla
- Starfsmenn Tíunnar aðstoði við viðburði á vegum skólans.
- Starfsmenn Tíunnar haldi viðburði í Ártúnsskóla eftir að skólatíma lýkur.

3. Þjónusta Ártúnsskóla

- Býður starfsmönnum Tíunnar á kynningarfundum fyrir foreldra að hausti og gefur þeim tíma í kynningunni eftir þörfum.
- Ártúnsskóli leggur til samgöngukort fyrir börnin á virkum dögum. Samgöngukortið er einungis virkt með almenningsvagni frá Ártúnssholtum fyrir nemendur í fylgd með starfsmanni Tíunnar. Samgöngukortið tryggir auðveldari aðgang barnanna að starfsemi Tíunnar í Rofabæ 30. Nemendur koma sér sjálfir heim.
- Veitir starfsmönnum Tíunnar tíma og aðstöðu við hæfi fyrir viðveru.

4. Samstarf og hagsmunaaðild

Samningur þessi innsiglar samstarf samningsaðila. Við undirritun samnings er verið að tryggja að báðir samstarfsaðilar leggi sitt af mörkum að veita börnunum þá þjónustu sem um getur í samningi þessum.

5. Gildistími og endurskoðun

Þessi þjónustusamningur er ótímabundinn og gildir frá og með 14. september 2020. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er út þá skólaönn sem uppsögn á sér stað. Samningsaðilum er heimilt að endurskoða samninginn á samningstímanum.

6. Undirritun

Samningsaðilar staðfesta báðir þennan samning með undirritun sinni. Báðir aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og ábyrgjast rétt sinn til undirritunar fyrir hönd samningsaðila.

Staður og dags.: Ártúnsskóli 14. sept. 2020

Nafn og kennitala: Eileen Cusack 040170-4489
f.h. Ártúnsskóla

Staður og dags.: Ártúnsskóli 14. sept. 2020

Nafn og kennitala: Bjarni P. 130477-3219
f.h. Tíunnar